



Samkomulag OPEC-ríkjanna um minni olíuframleiðslu framlengt

Samkvæmt mati Alþjóða orkumálastofnunarinnar (e. IEA) nam heimsframleiðsla á olíu 96,6 milljónum tunna á dag að meðaltali á fyrsta fjórðungi ársins. Áætlaðar tölur Samtaka olíuútflutningsríkja (e. OPEC) eru aðeins lægri.

Orkumálastofnunin gerir ráð fyrir að olíunotkun á heimsvísu aukist á árinu og verði um 99 milljónir tunna á dag að meðaltali á síðasta fjórðungi ársins. Magn olíubirgða í heiminum er enn í hærri kantinum. Frá sjónarhóli framleiðenda er því nauðsynlegt að draga meira úr framleiðslu og birgðastöðu, því offramboð ríkir á markaði.

Samkomulag um takmarkanir á framleiðslu framlengt


Fyrir um sex mánuðum gerðu helstu olíuútflutningsríki, m.a. nokkur ríki er standa utan OPEC, með sér samkomulag um að draga úr framleiðslu á hráolíu. Ríkin settu sér það viðmið að framleiðslan yrði að meðaltali 32,5 milljónir tunna á dag fram til júní á þessu ári.

Til samanburðar var framleiðsla OPEC-ríkjanna um 40 milljónir tunna á dag á fjórða fjórðungi síðasta árs og um 38,6 milljónir á fyrsta fjórðungi þessa árs, samkvæmt áætluðum tölum Alþjóða orkumálastofnunarinnar.


Samtök olíuútflutningsríkja funduðu aftur þann 25. maí síðastliðinn og tilkynntu í framhaldinu um framlengingu á samkomulaginu til loka mars á næsta ári. Ríki utan OPEC, þar á meðal Rússland, sem er eina ríkið sem hefur samþykkt formlega að taka þátt í að draga úr framleiðslu, hittu ráðamenn samtakanna sama dag.

Fyrir fundinn höfðu nokkrir þeirra gefið sterklega í skyn að samkomulagið yrði framlengt. Tilkynningin var því nokkurn veginn í samræmi við væntingar markaðsaðila um minni framleiðslu eða framlengingu á samkomulaginu.


Framleiðsla og notkun á olíu í heiminum



Olíuframleiðsla ríkja utan og innan OPEC



Framleiðsla og notkun á hráolíu ríkja utan OECD





Áhyggjur af mikilli birgðastöðu, sérstaklega í ríkjum er tilheyra Efnahags- og framfarastofnuninni (e. OECD), virðast hafa skipt miklu máli hvað varðar ákvörðun samtakanna um að framlengja samkomulagið. Aukin olíuframleiðsla í öðrum löndum vegur að hluta á móti minni framleiðslu í helstu olíuútflutningsríkjum, sem þýðir að það hægist á samdrættinum í framleiðslunni.

Spáð minni framleiðslu í OPEC-ríkjum

Bandaríska upplýsingastofnunin um orkumál (e. EIA) bendir á að svo virðist sem það gangi hægar að draga úr framleiðslunni en vænst var. Í ljósi framlengingar á samkomulaginu hefur stofnunin lækkað framleiðsluspá sína og spáir nú að framleiðsla í OPEC-ríkjum verði að meðaltali 32,3 milljónir tunna á dag þetta ár og 32,8 á næsta ári. Gert er ráð fyrir að í kjölfarið minnki olíubirgðir í heiminum á árinu, mest á þriðja fjórðungi þessa árs, sem gæti þrýst hráolíuverði upp á við á fjórðungnum.

Búist við aukinni framleiðslu í Bandaríkjunum


Áætlað er að olíuframleiðslan í Bandaríkjunum hafi verið að meðaltali 8,9 milljónir tunna á dag í fyrra. Það dregur lítillaga úr birgðastöðunni vestra en aukning í fjölda virkra borhola bendir til þess að framleiðslan þar sé að aukast töluvert.

Orkumálastofnunin vestra spáir því að framleiðslan verði að meðaltali 9,3 og 10 milljónir tunna á dag í ár og á næsta ári. Gangi spáin fyrir næsta ár eftir nær framleiðslan vestanhafs sögulegu hámarki en hún fór áður hæst í 9,6 milljónir tunna á dag árið 1970.


Í spánni er gert ráð fyrir að samkomulagið um minni framleiðslu vari lengur en út mars á næsta ári, en svo byrji að fjara undan því á síðari hluta ársins. Án frekari framlengingar samkomulagsins frá þriðja fjórðungi næsta árs, væntir stofnunin þess að birgðir aukist meira.

Hún gerir ráð fyrir að meira framboð af olíu í Bandaríkjunum og OPEC-ríkjum auki birgðastöðuna á næsta ári, aðallega á öðrum fjórðungi. Vegna þessa er spáin fyrir Brent hráolíuverð lækkuð fyrir árið 2018. Samt sem áður


Framleiðsla og notkun á hráolíu ríkja innan OECD



Olíuframleiðsla í Bandaríkjunum



Brent hráolíuverð





gæti verið eitthvað hnikast upp á við á seinni helmingi næsta árs ef spá stofnunarinnar um minni birgðastöðu gengur eftir og/eða markaðsaðilar vænta frekari samdráttar í birgðastöðu á árinu 2019.

Framleiðslan er frekar næm fyrir breytingum á olíuverði og hærra verð á olíu seinni hluta ársins gæti aukið framleiðsluna árið 2018 - að því gefnu að það taki um 6 mánuði fyrir verðbreytingu að hafa áhrif á framleiðslu.

Væntingar um aukna framleiðslu (aukið framboð) á næsta ári gætu átt þátt í að lækka olíuverð síðustu mánuði þessa árs og í byrjun næsta árs.

Munur á Brent og WTI nú rúmir 2 dalir



Framleiðsluaukningin vestanhafs hefur átt mestan þátt í vexti framleiðslu ríkja utan OPEC. Búist er við að sú þróun haldi áfram sem gæti lækkað verð á West Texas Intermediary (WTI) hráolíu hlutfallslega meira en verð á Brent hráolíu.

Brent verðið stendur nú í rúmum 48 dölum en WTI verðið í rúmum 46 dölum. Verðmunurinn nú er því rúmir 2 dalir en var um 3,28 dalir þann 19. maí síðastliðinn. Aukinn verðmunur opnar á þann möguleika að bandarískir framleiðendur flytji út olíu til annarra landa.

Brent hráolíuverð að meðaltali 53 dalir í ár

Í ljósi meira framboðs hefur Orkumálastofnunin vestanhafs lækkað spá sína fyrir hráolíuverð lítillega. Spáin gerir nú ráð fyrir að stundarverð á Brent hráolíu verði að meðaltali 53 dalir/tunnu þetta ár og 56 dalir/tunnu á næsta ári, og að verð á WTI hráolíu verði tveimur dölum lægra bæði árin.

Til samanburðar var verð á Brent hráolíu úr Norðursjó að meðaltali 50 dalir á tunnu í maí, um tveimur dollurum lægra en meðalverðið í apríl.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.